

48

1. sept.

KONUNGLEG TILSKIPUN

um að fyrirmælum þeim, er sett voru í konunglegri tilskipun nr. 102 14. júní 1938, um ýms hlutleysisákvæði, skuli farið eftir nú þegar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Vér viljum náðarsamlegast skipa þannig fyrir: Fyrirmælum þeim, er sett voru í konunglegri tilskipun nr. 102 14. júní 1938, um ýms hlutleysisákvæði, skal farið eftir nú þegar.

Tilskipun þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. september 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

49

12. sept.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um sölu og útflutning á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að sökum ófriðarins, er nú geisar í Norðurlálfu, þurfi ríkisstjórnin að hafa fullkonnara eftirlit með sölu og útflutningi á öllum þeim vörum, sem flytja á burt af landinu, en áður hefir verið.

Telur atvinnumálaráðherra, að brýn nauðsyn sé til þess að setja um þetta efni bráðabirgðalög, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

2. gr.

Leyfi til útflutnings á íslenskum vörum, sem veitt hafa verið af ríkisstjórninni eða einstökum stofnunum fyrir gildistöku þessara laga, eru úr gildi fallin.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingur ríkisstjórnarinnar.